



Reykjavík, 4. júní 2024

MSS24020072

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Hlíðum

Borgarstjóri hélt opna íbúafundi í 10 hverfum borgarinnar í vor þar sem boðið var upp á opið samtal við íbúana í hverfunum. Farið var yfir hvað væri gott í hverfunum og hvað mætti betur fara. Fundirnir voru haldnir í grunnskólum og samkomustöðum í hjörtum hverfanna. Fundirnir voru vel sóttir og alls staðar voru barnahorn.

Fjölmargar hugmyndir komu frá borgurunum sem fara sína leið í kerfinu og einhverjar munu komast til framkvæmda. Hjálagt er samantekt íbúafundar borgarstjóra í Hlíðum sem send er íbúaráði Miðborgar og Hlíða til upplýsinga, umræðu og umfjöllunar.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:
Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Hlíðum

Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Hlíðum 16. mars 2024

Borgarstjórinn í Reykjavík hélt opinn íbúafund í Hlíðaskóla, laugardaginn 16. mars 2024, þar sem boðið var upp á samtal íbúa og borgarstjóra. 34 manns sóttu fundinn.

Borgarstjóri opnaði fundinn og kynnti fyrirkomulag. Áhersla væri á þátttöku gesta með annarsvegar umræðu í hópum og hins vegar í formi könnunar á forritinu Menti þar sem hver og einn fundargestur gæti sett inn sínar áherslur og tekið þátt í að mynda orðaský sem birtist á skjá. Í framhaldi af því væri orðið gefið laust og fólk gæti betur útskýrt málið fyrir öllum fundagestum, auk þess sem starfsfólk borgarinnar gæti betur tekið niður ábendingar.

Hvað er það besta við Hlíðarnar?

Gestir voru spurðir hvað væri það besta í þeirra nærumhverfi.

Gestir voru almennt ánægðir með staðsetningu hverfisins, það væri miðlægt og stutt í þjónustu en einnig græn svæði, Klambratún og Öskuhlíðina. Stutt væri í góðar gönguleiðir og hverfið væri gróið og afmarkað. Þá töluðu gestir einnig um að þeir væru ánægðir með skólana í hverfinu og starfsemi íþróttafélagsins Vals.

Orðaský fundargesta:

Mentimeter

Hvað er það besta í þínu nærumhverfi?

49 responses



Hvað má bæta í Hlíðunum?

Næst voru gestir spurðir hvað mætti bæta í þeirra hverfi.

Mikil áhersla var lögð á umferðarmál, umferðarpungi væri mikill og hraður gegnumakstur væri í gegnum hverfið. Áhersla var lögð á að bæta þyrfti tengingu á milli hverfisbrota í Hlíðunum. Þá nefndu gestir einnig að stækka þyrfti Hlíðaskóla auk þess að nokkrir gestir nefndu að þau vildu ekki unglíngasafnskóla í Vörðuskóla.

Orðaský fundargesta:



Hvað má bæta í þínu hverfi?

39 responses



Hvað á borgarstjóri að setja í forgang?

Í lok fundar voru gestir spurðir hvaða mál borgarstjóri ætti að setja í forgang.

Gestir lögðu til að borgarstjóri myndi setja almenningssamgöngur og skólamál í forgang, bæði leikskóla- og grunnskólamála. Einnig vildu þau að umferðaröryggi yrðu sett í forgang ásamt aukinni þjónustu.

Einstaka hugmyndir

- Auka bekkir úti á Kjarvalstöðum
- Nammibúð
- Ísbúð
- Bar í hverfið
- Fjölga rafhleðslustöðvum
- Betri lýsing á Klambratún
- Breyta Flókagötu í 30 götu
- Bæta upp tapaðan gróður
- Bæta undirgöng að Klambratúni